

94

9. maí

8. gr.  
Peir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurðum dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Ungmennni innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 14. maí 1945 og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 23 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 9. maí 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Ragnar Bjarkan.*

95

12. apríl

## AUGLÝSING

um viðauka við uppboðslaun samkvæmt V. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

Með tilvísun til auglýsingar ráðuneytisins 26. janúar 1945, sbr. lög nr. 18 24. janúar 1945, er hér með auglýst, að uppboðslaun skv. V. kafla laga nr. 27 27. júní 1921 skal innheimta með einungis 40% viðauka.

*Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1945.*

**Pétur Magnússon.**

*Magnús Gíslason.*

96

24. apríl

## REGLUGERÐ

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara í skólum ríkisins og öðrum skólum, er styrks mjóta úr ríkissjóði, skulu vera sem hér segir:

Í menntaskólum .....	kr. 8.00	fyrir	hverja	kennslustund.
- kennaraskólum, vélskólanum, stýrimanna- skólanum, gagnfræðaskólum, iðnskólum og verzlunarskólum .....	— 7.60	—	—	—
- héraðsskólum og húsmæðraskólum .....	— 6.20	—	—	—
- barna- og unglingaskólum .....	— 5.50	—	—	—

Laun stundakennara í öðrum skólum en hér eru greindir og styrktir eru úr ríkissjóði, skulu ákveðin í samráði við fræðslumálastjórnina.